

Sp.

733. Þingsályktun

um athugun á jarðeignamálum kaupstaða, kauptúna og sjávarþorpa.

(Afgreidd frá Sp. 12. apríl.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta athuga með nefndarskipun eða á annan hátt, hvernig megi veita kaupstöðum, kauptúnum og sjávarþorpum eignar- og umráðarétt yfir nauðsynlegum löndum og lóðum, með sanngjörnum kjörum, án þess að gengið verði of nærri hagsmunum nágrannasveita þeirra, hvernig komið verði í veg fyrir óréttmæta verðhækkun á þessum löndum og afnotarétti þeirra, og hvernig tryggja megi, að verðhækkun á löndum og lóðum, sem verða kann á fyrirnefndum stöðum vegna meiri háttar opinberra framkvæmda, verði almenningseign.

Athugun þessi fari fram í samráði við hlutaðeigandi bæjar- og sveitarstjórnir, eftir því, sem þurfa þykir, og sé henni lokið fyrir reglulegt Alþingi 1944.